

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

Alþingi
Erindi nr. P 137/81
komudagur 4.6.2009

Nefndasvið Alþingis
b/t Viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

3. júní 2009
Tilvísun: 2009050084

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), 14. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts frá 26. maí sl. þar sem Viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn), 14. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins en telur rétt að koma á framfæri nokkrum ábendingum.

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að gæta skuli að kynjahlutföllum í stjórnnum annarra hlutafélaga en opinberra hlutafélaga. Engar frekari leiðbeiningar er að finna hvernig að þessu skuli staðið en þær reglur sem gilda um framboð til stjórnar hlutafélaga gera það að verkum að ekki er vitað hverjir bjóða sig fram til stjórnar fyrr en eftir að framboðsfrestur er liðinn. Þannig er ekki fyrirfram vitað hversu margar konur og hversu margir karlar hyggjast bjóða sig fram til stjórnar og því vandséð hvernig hluthafar eiga að gæta að kynjahlutföllum. Sama athugasemd á við um 8. gr. frumvarpsins varðandi einkahlutafélög.

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að í hlutafélögum, þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli, skuli sundurliða upplýsingar um hlutföll kynjanna meðal stjórnenda félagsins. Engar frekari leiðbeiningar er hins vegar að finna varðandi hvað sé átt við með „stjórnendum“. Mikilvægt er að einhverjar leiðbeiningar séu til staðar til að slíkar upplýsingar séu samanburðahæfar. Sama athugasemd á við um 8. gr. frumvarpsins varðandi einkahlutafélög.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITID



Gunnar P. Andersen



Árný J. Guðmundsdóttir